

1871.

28. júní.

500—550 rd. fyrir hvort ár. Það þér samt sem áður álitid það mjög æskilegt, að þessi útgjöld verði borguð þegar á þessu ári, með því kostnaðurinn þá ef til vill yrði töluvert minni, en þessu verður eigi komið við nema með því að taka lán handa amtsvegasjóðnum, hafið þér stungið uppá, að yður verði veitt heimild til, að taka til láns allt að 1000 rd. fyrir hönd amtsvegasjóðsins, til þess að þessum vegabótum verði komið fram, með þeim kjörum, að goldnir verði 4 rd. af hverju 100 í vöxtu á ári, og helmingurinn af láninu borgaður aptur fyrir árslok 1872, og hinn helmingurinn fyrir árslok 1873, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að fá lánið af hjálparsjóði þeim, sem stofnaður er samkvæmt 10. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir reikningsárið 1871—72, ef þér ekki getið fengið það hjá öðrum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og má borga yður, ef þar að kemur, allt að 1000 rd. úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem nefnt er í tæðri gr. fjárhagsáætlunarinnar, með þeim kjörum, sem getið er, og væntum ver, ef svo ber undir, að fá skýrslu frá yður um þetta.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aðgjörð á Flat-eyjar kirkju.

28. júní.

Með bréfi 12. desbr. f. á. hefir amtið sent hingað eptirrit, útlagt á dönsku, af visitaziugjörð, sem hlutabeigandi prófastur hefir haldið 25. ágúst f. á. yfir Flateyjarkirkju, og jafnframt stungið upp á, að verja megi allt að 50 rd. til að ráða bót á því, sem prófasti þótti á vanta, þá er hann visiteraði kirkjuna, og til þess að útvega þá hluti til kirkjunnar, sem mest er þörf á, og að taka megi til þessa fè það, sem kirkjan á nú í peningum eða kann að eignast; samkvæmt kirkjureikningnum, sem fylgdi, átti hún í fyrra í fardögum 40 rd. 12 sk. í sjóði, en nú mun það vera orðið 46 rd.

1871.

28. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að verja megi allt að 50 rd. af sjóði Flateyjar-kirkju á þann hátt, sem stungið hefir verið uppá, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað reikningastjórnardeildinni um þetta það, sem með þarf.

28. júní.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanusins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjörð í Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. septbr. f. á. við-víkjandi skýrslu frá fyrrum amtmani í norður- og austurumdæminu, Havstein, um það, að mikil tíundasvik mundu gangast við í Skútu-staðahrepp í Þingeyjarsýslu, hefir amtið í bréfi 20. febr. þ. á. skýrt svo frá, að eptir skýrslum þeim, sem fengizt hafa, virðist ekki vera ástæða til að höfða lögsókn útaf þessu, og að hlut-adeiganda sýslumanni hafi verið sagt fyrir á þá leið. Með því samt sem áður, að röng aðferð hefir verið við höfð við tíunda-gjörðina, sem að visu vottar nokkurskonar einþykni og sjálfræði, en verður eigi kallað tilraun til að hafa í frammi tíundasvik, hefir amtið lagt sýslumanni fyrir, að leitast við að afmá þetta, og í þessu skyni sagt honum fyrir, einkum að brýna fyrir hlut-adeigendum, að við tíundagjörð verði aðeins farið eptir hlutfalli því, sem getið er um í tilsk. 14. maí 1834, 1. gr., viðvíkjandi tíund af innstæðukúgildum og öðrum leigufænaði o. fl., en samkvæmt því skal eitt kúgildi fyrir hver fimm hundruð af dýrleika jarðarinnar talið fast kúgildi, sem eigi verður goldin af tíund, þegar ekki verður sæð af byggingarbréfinu eða á annan hátt, hvort fleiri eða færri kúgildi hingað til hafi fylgt jörðunni; að kvígur að fyrsta kálfi skuli við tíunda tölu leggja til jafns við gelda kú, og gjalda tíund af nautum og geldum kvígum; að vinnufólk komist ekki hjá að greiða tíund af skepnum sínum, þótt það gjaldi nokkuð til fátækra, og að hreppstjórinn megi ekki veita lækkun á tíund svo sem fyrir vanhöldum að handa hófi, en að eins, þegar